

6. Aðalfund skal halda ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júní 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

18. maí 1979.

Nr. 285.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigurfljóðar Einarsdóttur, ljósmóður og Helga Helgasonar, útgefin á venjulegan hátt að mandat-um af dómsmálaráðherra, 18. maí 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð hjónanna Sigurfljóðar Einarsdóttur, f. 10. júní 1849, d. 18. jan. 1935 sem gegndi ljósmóðurstörfum í Grýtubakkahreppi á árunum 1875—1924, og Helga Helgasonar, f. 1. okt. 1851, d. 5. ágúst 1938. Þau bjuggu á Grund í Höfða-hverfi frá 1880—1909.

1. gr.

Sjóðurinn, sem ræðir um í eftirfarandi stofnskrá, heitir Minningasjóður hjón-anna Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður, og Helga Helgasonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur — gefið af núlifandi börn-um þeirra hjóna, Baldri Hallfríði og Jóni.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sem hér segir:

- a. Að styrkja efnilegar stúlkur til að nema ljósmóðurfræði í þeim tilgangi að gegna þeirri starfsemi í Grýtubakkahreppi.
- b. Að veita styrk til hæfra kvenna, er vilja annast hjúkrun sjúkra og aðra líknar-starfsemi í þarfir áður nefnds sveitarfélags.
- c. Að veita styrk fátækum ekkjum og mæðrum í sveitinni, er hafa misst eigin-mann eða fyrirvinnu heimilis síns eða orðð fyrir heilsuleysi á sér eða sínum.

- d. Að styrkja fjárhagslega einstaklinga eða stofnanir, sem veita konum í Grýtubakkahreppi þjónustu, hliðstæða þeirri, sem talin er undir lið a. og b. að mati sjóðsstjórnar.

4. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum, áheitum og öðrum slíkum gjöfum, sem einstaklingar og félög fyrr og síðar vilja leggja fram. Allt það fé leggst við höfuðstól sjóðsins sem stofnfé.

5. gr.

Fastar tekjur eru árlegir vextir af höfuðstólnum.

6. gr.

Styrkur úr sjóðnum veitist eftir umsókn. Styrkveiting skal jafnan fara fram 10. júní á afmælisdag móður okkar eða næsta dag sé það helgur dagur. Þó má ekki veita styrk úr honum fyrr en 1952 á 103 afmælisdag hennar.

7. gr.

Úr sjóðnum má ekki veita hærri upphæð árlega, en sem nemur $\frac{3}{4}$ af árlegum vöxtum. Afgangurinn $\frac{1}{4}$ vaxtanna leggst við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 50 000.00 kr. Eftir þann tíma getur stjórn sjóðsins tekið ákvörðun um, hvort nokkur hluti vaxta leggst við höfuðstólinn framvegis eða ekki.

8. gr.

Falli styrkveiting niður eitt eða fleiri ár, ganga vextir óskiptir til höfuðstólsins og festast þar sem stofnfé.

9. gr.

Kvenfélag Grýtubakkahrepps annast sjóðinn og hefur stjórn þess með höndum styrkveitingar úr honum eftir áður greindum fyrirmælum. Áður en styrkveiting fer fram, skal sjóðsstjórnin gefa oddvita, héraðslækni og sóknarpresti Grýtubakkahrepps, kost á að láta í ljós álit sitt á umsóknum.

10. gr.

Hætti kvenfélagið störfum tekur hreppsnefnd Grýtubakkahrepps við sjóðnum og annast hann á sama hátt og kvenfélagið gerði. — Verði núverandi Grýtubakkahreppi skipt í tvo hreppa með sjálfstæðum sveitarstjórnnum, fylgi sjóðurinn ætíð þeim hreppi sem Grund er í og því kvenfélagi, sem þar starfar, en réttur til styrks úr sjóðnum fylgi þó ætíð því svæði, sem hreppurinn nær nú yfir.

11. gr.

Fé sjóðsins skal komið fyrir á sama hátt og lög mæla fyrir um fé ólögráðra. Formaður kvenfélagsins geymir bækur og skjöl tilheyrandi sjóðnum á sem tryggilegastan hátt, eins og aðrar mikilsvarðandi bækur og skjöl félagsins. Stjórn sjóðsins er ólaunuð, en bækur, ritföng, símtöl, símskeyti og annan slíkan kostnað. sem sjóðinn varðar, má greiða af vöxtum hans.

12. gr.

Sjóðstjórnin hefir reikningsábyrgð gagnvart sveitarstjórn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal endurskoðaður reikningur sendast til sveitarstjórnar fyrir 1. apríl ár hvert. Reikningurinn telst fullgildur þá er hann er samþykktur af sveitarstjórn. Stofnendum sjóðsins skal senda reikninginn árlega meðan þeirra nýtur við.